

ÞRÓUNARSTYRKUR

Reglur um styrkveitingu leikskólaráðs til þróunarverkefna í leikskólum í Reykjavík

1. Tilgangur styrkveitingarinnar er að stuðla að þróunarstarfi í leikskólum Reykjavíkur. Með þróunarverkefnum er átt við verkefni sem stuðla að nýjungum, rannsóknum eða nýbreytni í uppeldisstarfi. Árleg framlög eru ákveðin í fjárhagsáætlun Leikskólasviðs Reykjavíkur. Styrkir eru veittir í samræmi við þær áherslur sem settar eru í starfsáætlun ár hvert.
2. Leikskólaráð skipar úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi frá leikskólaskrifstofu, fulltrúi Félags leikskólakennara, fulltrúi leikskólastjóra og fulltrúi frá kennaramenntunarstofnun. Nefndin gerir tillögur til leikskólaráðs um hvaða verkefni fá styrk og styrkuppþæð.
3. Umsóknir skulu hafa borist fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað til aðalskrifstofu Leikskólasviðs á sérstöku eyðublaði með þeim fylgiskjölum sem tilgreind eru á eyðublaðinu. Eyðublaðið er að finna á heimasíðu Leikskólasviðs. Styrkir skulu afgreiddir fyrir lok janúar ár hvert.
4. Um styrk geta sótt einstaka leikskólar (borgar-einkareknir), leikskólakennarahópar eða einstaka leikskólakennarar. Aðrir geta sótt um styrk með samþykki leikskólastjóra og/eða rekstraraðila. Sækja má um styrk til nýrra verkefna eða verkefna sem þegar eru hafin.
5. Umsóknir eru metnar með hliðsjón af a) markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð; b) hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf; c) hvort unnt sé að meta framvindu verksins og d) væntanlegum árangri og ávinningi fyrir leikskólastarf. Nefndinni er heimilt að leita umsagna eða álits annarra aðila eftir því sem hún telur þörf á.
6. Leikskólasvið getur óskað eftir því við styrkþega að þeir kynni verkefnið.
7. Leikskólasvið og styrkþegi gera skriflegan samning um verkefnið sem hlýtur styrk þar sem fram kemur m.a. skilgreindir áfangar og tímasetningar, umsjónarmenn og skil í lok verkefnis. Einnig skal þar tilgreindur heildar fjárstyrkur til verksins, hvernig staðið skuli að greiðslum og lokauppgjöri. Sé skriflegur samningur ekki undirritaður 6 mánuðum eftir úthlutun er litið svo á að styrkþegi hafni styrknum.